

Samruni Hraðfrystihúss Hellissands hf. og Hiddu ehf.

I. Málsmeðferð

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Hraðfrystihúss Hellissands hf., kt. 630169-6829, Hafnarbakka, Rífi, 260 Hellissandi (hér eftir „HH“) á Hiddu ehf., kt. 590402-2570, Hraunási 13, 360 Hellissandi (hér eftir „Hidda“). Um er að ræða sjávarútvegsfyrirtæki sem starfa bæði á Snæfellsnesi, Hidda starfrækir þó ekki landvinnslu. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 25. september 2020. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum um fullnægjandi tilkynningu þann 25. september 2020 og byrjaði frestur að líða þann 28. september 2020.
2. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna. Þá átti Samkeppniseftirlitið jafnframt símtöl við aðila á markaði, ekki voru gerðar athugasemdir við samrunann.

II. Samruninn

3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.
4. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst tilkynningarskyldur samruni í kaupum HH á Hiddu.

1. Samrunaaðilar

5. HH er fiskvinnslu- og útgerðar fyrirtæki og starfar félagið í Snæfellsbæ. HH stundar veiðar og vinnslu á botnfiski, en hjá fyrirtækinu voru 87 stöðugildi á árinu 2019, þar af stærstum hluta í vinnslu. HH gerir jafnframt út tvo línubáta og sjá þeir vinnslu félagsins fyrir afla. Tekjur HH af seldum vörum námu rúmlega 2.724 milljónum rekstrarárið 2019.
6. Hidda er útgerðarfélag sem rekur útgerð frá Snæfellsbæ. Hidda stundar útgerð með fiskibátnum Esjari SH-75, skr. 2230, sem er dragnótarbátur. Hidda hefur enga landsvinnslu og er starfsemi félagsins í dag aðeins fólgin í veiðum Esjars. Tekjur Hiddu af seldum vörum námi kr. 301,9 milljónum rekstrarárið 2019.
7. Í samrunaskrá segir að hvorugt félagið fari með yferráð yfir öðrum fyrirtækjum.



8. Í samrunatilkynningunni kemur fram að markmið með samrunanum sé aukin hagræðing, hvort sem litið er til veiða, vinnslu eða yfirbyggingar, með stækkun á útgerðarþætti í rekstri HH. HH ráðgerir að rekstur Hiddu verður áfram óbreyttur þegar litið er til veiðar og söluafurða og að félagið verði rekið sem dótturfélag HH. Samrunaaðilar telja að samruninn muni hvorki breyta eða raska hagsmunum neytenda né milliliða og hafi því ekki í för með sér neikvæð áhrif. Hidda mun áfram vera rekið sem sjálfstætt fyrirtæki en í eignarhaldi HH.

2. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

9. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
10. Samkvæmt samrunaskrá stundar stundar HH veiðar og vinnslu á botnfiski og selur megnið af sinni framleiðslu og afurðir á erlendan markað. Þannig fer öll framleiðsla úr vinnslu á erlendan markað, en hluti af afla beint frá útgerð fer á fiskmarkað héraendis, eða um 14% af veiddum afla. Í samrunaskrá kemur fram að Hidda stundi eingöngu botnfiskveiðar, félagið selur afurðir beint á fiskmarkað á Íslandi. Hidda er ekki í vinnslu afurða og þá hefur Hidda enga aðkomu að vinnslu afurða. Hvorugur aðili stundar uppsjávarveiðar.
11. Samrunaaðilar telja unnt við skilgreiningu markaða að líta til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.*, þar sem gerður var greinarmunur á markaði fyrir annars vegar botnfiskveiðar og hins vegar uppsjávarveiðar. Sá vörumarkaður sem líta beri til sé því markaður fyrir botnfiskveiðar, enda sé það sá markaður sem samrunaaðilar starfi báðir á, en aðkoma beggja félaga að markaði með veiðar og vinnslu uppsjávarfisks sé engin. Að mati samrunaaðila eru markaðir málsins því veiðar, vinnsla og sala botnfisks.
12. Samrunaaðilar telja að hvað varðar veiðar sem slíkar megi ætla að sá markaður sé bundinn við Ísland, enda séu þær háðar takmörkunum og regluverki á grundvelli veiðiheimilda sem úthlutað er samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Á þeim markaði starfi fjöldi fyrirtækja og samkeppni sé mikil. Við mat á markaðshlutdeild sé unnt að horfa til hlutfallslegs aflamarks í þorskígildistönnum („þíg.“) fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.
13. Hins vegar sé markaður fyrir vinnslu og sölu á fiski sem víðari markað, t.a.m. allrar Evrópu sem helsta sölusvæði HH. Markaðurinn fyrir vinnslu og sölu sjávarfangs sé svo stór að hlutdeild íslenskra félaga sé hverfandi. Markaðshlutdeild íslenskra félaga á slíkum markaði sé lág, hvort sem markaðurinn sé skilgreindur sem Evrópa eða enn stærri.
14. Samkeppniseftirlitið getur fallist á skilgreiningu samrunaaðila á markaðnum fyrir veiðar á botnfiski, þ.m.t. að landfræðilegur markaður málsins sé líklega Ísland. Þó er rétt að halda því til haga að undirmarkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að vera til staðar, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2020, *Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfirráð í Brimi hf.* Ekki er þörf á því fyrir niðurstöðu málsins að taka afstöðu til þess hvort markaður fyrir vinnslu og sölu fisks kunni að vera stærri en Ísland.



15. Í samrunaskrá er vísað til opinberra gagna um hlutdeild samrunaaðila í fiskveiðikvóta og að hlutdeild þeirra sé afar takmörkuð, sbr. nánari umfjöllun í kafla III.

III. Niðurstaða

16. Í máli þessu er samruni HH og Hiddu til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga nr. 44/2005.
17. Samrunaaðilar telja að fyrirhugaður samruni hafi hvorki neikvæð áhrif á samkeppni á skilgreindum mörkuðum þeirra né verði til við samrunann markaðsráðandi fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga.
18. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila, sem byggir m.a. á upplýsingum Fiskistofu, má sjá að samrunaaðilar eru samtals með um 1,32% af heildarhlutdeild eftir þorskígildum eftir samrunann miðað við dags. 1. september 2020 og þannig innan leyfilegra hámarkshlutdeildarmarka, sem eru 12% samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.
19. Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls verður ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að með kaupum HH á 100% hlut í Hiddu sé ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Hraðfrystihúss Hellissands hf. á 100% eignarhlut í Hiddu ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson